


Leiðbeiningar um skráningu örnefna á útprentaðar loftmyndir

- Til hliðar er dæmi um örnefnaskráningu á loftmynd.
- Unnið er með örnefnalýsingu jarðarinnar sem er hér <https://nafnid.arnastofnun.is/>. Ef fleiri en ein lýsing er til þarf að velja þá lýsingu sem er best og nota hana. Ef fleiri örnefni bætast við má skrá þau aftast í örnefnalýsinguna og gefa þeim nýtt númer.
- Númer örnefnanna úr örnefnalýsingu eru skrifuð inná myndirnar. Ekki skrifa örnefnin sjálf á myndina.
- Best er að hugsa örnefnin sem fláka, punkta eða línur. Til dæmis:
 - Teikna fláka utan um svæði, t.d. holt, vatn, tún, mýri, háls o.s.frv. og skrá númer örnefnisins inn í flákann. Oft er erfitt að ákveða stærð fláka en teikningin þarf ekki að vera mjög nákvæm.
 - Teikna punkt ef fyrirbærið er lítið eins og foss, klettur, rústir o.s.frv. og skrá númer örnefnisins við punktinn.
 - Teikna línu ef fyrirbærið er lækur, á, gil, o.s.frv. og skrifa númer örnefnisins við línuna.
- Þegar loftmyndir og örnefnalýsingar berast til Náttúrufræðistofnunar (Smiðjuvellir 28, 300 Akranes) eru örnefnin skráð inn í örnefnagrunn.
- Vikulega fer fram uppfærsla örnefna í örnefnasjá <https://ornefnasja.gis.is/>
- Almenn um skráningu örnefna á heimasíðu NÁTT: <https://www.natt.is/is/midlun/kortagogn/ornefni>



Suður-Múlasýsla

Ormsstaðir 1

Norðfjarðarhreppur

Samlesió G.S.M.

O r m s s t a ð i r

Eyþór Þórðarson skráði eftir Aðalsteini Jónssyni.

Landamerki: Að austan: Norðfjörður og þá Naustalækur (1) upp að brekkum, en síðan bein lína um Sultarbotnatind (2) á fjallægg. - Að norðan: Fjallsegg vestur á móts við Svarthamragjá (3). - Að sunnan: Norðfjarðarárás (4) og Norðfjarðará (5) um Leiru (6) í Kílsvað (7). - Að vestan: Oddsgilslækur (8) upp undir brekkur, en þaðan bein lína um Svarthamra (9) í Svarthamragjá.

Örnefni, talin að austan vestur eftir:

1. Láglandið neðan vegar. - 2. Láglandið milli vegar og fjalls. - 3. Fjallið.

1. Norðan óss og vestan fjarðar heitir Sandur (10). Vestur úr honum sunnanverðum gengur Jósefseyri (11). Norðvestur af Sandinum heitir Ormsstaðaflói (12) vestur að Hjáleigulæk (13). Suður úr Flóanum (14) gengur Flóatagl (15). Frá Hjáleigulæk vestur að Leirukrók (16) heita Leirubakkar (17) á milli vegar og Leiru, en þaðan Ingunnarveita (18) vestur í merki.

Sunnan Ingunnarveitu er Kíll (19) og sunnan við hann tangi, er nefnist Sortu/keldu/nes (20). Sunnan þess, í ánni, er Kríuhólmi (21) og austar Flæðihólmi (22). Á milli hans og Sortukelduness er Drápskelda (23).

